

123

8. okt.

REGLUR

um kjör skólanefndar fyrir heimavistarbarnaskóla Mýrasýslu að Varmalandi.

1. gr.

Skólanefndin er skipuð 5 mönnum. Fræðslumálastjórnin skipar einn mann í nefndina og er hann formaður. Þá kys sameiginlegur fundur hreppsnefndarmanna í Hraun-, Álftanes-, Borgar-, Stafholtstungna-, Norðurárdals-, Þverárhliðar og Hvítársíðuhreppum fjóra menn í skólanefndina og fjóra til vara. Hlutfallskosningu skal við hafa, sé þess óskað.

2. gr.

Að afloknum sveitarstjórnarkosningum í sýslunni, skal oddviti sýslunefndar Mýrasýslu kveðja saman á fund alla hreppsnefndarmenn í hreppum þeim, er greinir í 1. gr., og skal á þeim fundi fara fram kosning manna í skólanefndina.

3. gr.

Kjörtímabil skólanefndarmanna, aðalmanna og varamanna, skal vera hið sama og sveitarstjórna og um kjörgengi skulu sömu reglur gilda.

Ákvæði til bráðabirgða.

Kosning skólanefndar skal í fyrsta sinn fara fram fyrir 31. október 1954. Þangað til fer fræðsluráð Mýrasýslu með störf skólanefndarinnar.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 26. gr. laga nr. 34/1946, um fræðslu barna, birtast hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í menntamálaráðuneytinu, 8. október 1954.

Bjarni Benediktsson.

Ásgeir Pétursson.

124

12. okt.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 165 21. júlí 1952, um notkun gjaldmæla í leigubifreiðum.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:

Skýlt er að hafa gjaldmæli í öllum allt að 7 farþega leigubifreiðum, sem aka fólki gegn borgun, á þeim stöðum á landinu, þar sem hentugt þykir, að dómi samgöngumálaráðuneytisins.

Í kaupstöðum, þar sem bæjarstjórn hefur ákveðið, að allar leigubifreiðar til mannflutninga, allt að 7 farþega, skuli hafa afgreiðslu á bifreiðastöð, skulu þær bifreiðar einar eiga rétt til gjaldmælis, sem hafa afgreiðslu á bifreiðastöð.

Lögreglustjórar, hver innan síns umdæmis, skulu hafa eftirlit með, að meðferð og notkun gjaldmæla verði í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 2. gr. bifreiðalaga, nr. 23 16. júní 1941, sbr. 124
l. nr. 23 16. febr. 1953, um leigubifreiðar í kaupstöðum, og birtist til eftirbreytni öll- 12. okt.
um þeim, sem hlut eiga að máli.

Samgöngumálaráðuneytið, 12. október 1954.

Kristinn Guðmundsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Verðlaunasjóð frú Camillu Torfa- 125
son“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 14. okt. 1954. 14. okt.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Verðlaunasjóð frú Camillu Torfason.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Verðlaunasjóður frú Camillu Torfason. Hann er eign Kvenfélagsins Ósk á Ísafirði, og útnefnir félagið sjóðnum sérstaka stjórn.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af frú Jóhönnu Magnúsdóttur, apótekara, til minningar um móður hennar, frú Thoru Petrínu Camillu Torfason, f. 10. okt. 1864, stofnanda Kvenfélagsins Ósk á Ísafirði og formanns sama félags árin 1907—1914. En Kvenfélagið Ósk stofnaði Húsmæðraskólann Ósk á Ísafirði árið 1912.

3. gr.

Hlutverk sjóðsins er að verðlauna nemanda eða nemendur húsmæðraskólans, er skara fram úr í námsgreinum skólans og þrúðmannlegu dagfari.

4. gr.

Stofnfé sjóðsins er verðbréf að upphæð kr. 16000.00 — sextán þúsund krónur —, skráð á nafn hans. Gjafafé, sem sjóðnum kann að áskotnast, skal leggja við höfuðstólinn og auk þess a. m. k. einn fjórða hluta ársvaxta. Höfuðstólinn skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands, í bankavaxtabréfum eða öðrum jafngildum verðbréfum.

5. gr.

Allt að þremur fjórðu hlutum ársvaxta skal varið til kaupa á verðlaunagrip eða verðlaunagripum, sem helzt skulu vera silfurskeið eða silfurskeiðar með áletrun. Séu sérstakar ástæður fyrir hendi má afhenda nokkurn hluta verðlaunanna í peningum. Verðlaunaskirteini undirrituð af skólastjóra fylgi verðlaununum. Verðlaunin skal veita í lok hvers skólaárs, samkvæmt tillögum skólastjóra og kennara húsmæðraskólans, og skal formaður Kvenfélagsins Ósk afhenda þau við skólauppsögn.

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Stjórn sjóðsins hefur með höndum stjórn og reikningshald og birtir reikninga með skólaskýrslum húsmæðraskólans, sömu-